

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1719
komudagur 14.4.2004



ORÐABÓK HÁSKÓLANS

NESHAGA 16,
107 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 4430
BRÉFASÍMI: 562 7242
KENNITALA: 540884-0139

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2004

Umsögn um *Tillögu til þingsályktunar um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu.*

130 löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 517 — 387. mál.

Orðabók Háskólans hefur borist bréf, dagsett 25. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu. Orðabókin telur málið mjög mikilvægt og ríka þörf á að fela nefnd að kanna það og þá um leið stöðu íslenskrar tungu sem opinbers máls á Íslandi.

Í greinargerðinni er bent á að óljós staða íslensku í stjórnarskrá og almennum lögum hafi ekki komið að sök svo heitið geti. Það er rétt, en enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og breytingar í þjóðfélaginu hafa aldrei verið jafn örar og nú. Margar Evrópuþjóðir, þar á meðal Norðurlandþjóðir, hafa vaxandi áhyggjur af stöðu þjóðtungna sinna, og sama gildir um ýmsar þjóðir utan Evrópu. Orðið „umdæmissir“ (domænetab) heyrir æ oftar í umræðum um stöðu Norðurlandamála og hafa athuganir sýnt að heil svið eru þar að flytjast yfir til ensku.

Undirrituð er nýkomin úr boði til Japan þar sem óskað var eftir því að kynnast hvernig Íslendingar hefðu farið að því að varðveita tungu sína og hvaða ráðum þeir beittu nú til þess að verða ekki undir í vaxandi áhrifum annarra tungna, einkum ensku. Þarna voru staddir fulltrúar annarra Asíulanda sem höfðu sömu áhyggjur og Japanir af þjóðtungum sínum og litu með virðingu til Íslands og Íslendinga.

En hætta steðjar einnig að íslensku. Við lifum á tímum vaxandi hnattvæðingar og þróunar í upplýsingatækni sem ekki verður snúið við, enda


ekki eftir því að sækjast og án efa enginn sem leggur slíkt til í fullri alvöru. Því verður varla breytt að enska mun verða ríkjandi sem alþjóðasamskiptamál þjóða í náninni framtíð. Tæki og töl koma jafnt og þétt á markaðinn þar sem rituð enska og æ oftar töluð er í langflestum tilvikum stýrimálið. Hér er átt við tæki sem almenningur umgengst og notar í daglegu lífi á heimilum, í skólum og á vinnustað. Af þessu leiðir að mikilvægt er að Íslendingar haldi vöku sinni og styðji við tungumál sitt eins og tók eru á. Skýrari ákvæði um stöðu tungunnar eru því afar brýn.

Í þingsályktuninni er fyrirhugaðri nefnd einnig ætlað að kanna hvort ástæða sé til að gefa grannmálunum eða tilteknum útbreiddum tungumálum sérstaka stöðu í löggjöfni. Orðabókin lítur svo á að mikilvægt sé að skýrt komi fram hver sé réttur hins almenna borgara til að fá texta þýdda eða skýrða á íslensku sem birtast á erlendum málum í lögum eða reglugerðum.

Nefndinni er einnig ætlað að taka til athugunar stöðu íslensks tákn máls og tungumála nýbúa hérlendis. Báðir liðirnir eru afar mikilvægir og benda má á að Íslensk málnefnd hefur stigið fyrstu skref í samvinnu við Félag heyrnarlausra um samvinnu og hún hefur einnig málefni nýbúa á stefnuskrá sinni fyrir árin 2002–2005 (www.ismal.hi.is). Undirrituð er formaður Málnefndarinnar og stýrir hópi sem er að hefja rannsókn á íslensku sem öðru máli.

Orðabók Háskólans lítur svo á að skipun nefndar til að kanna réttarstöðu íslensku sem þjóðtöngu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi muni styðja stöðu íslenskrar tungu. Þegar grannt er skoðað mun margt koma í ljós þar sem úrbóta er þörf.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran
forstöðumaður